

- 48 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðjóns Björnssonar
24. marz verzlunarmanns og konu hans Guðlaugar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad
mandatum 24. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og konu hans
Guðlaugar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með dánargjöf hjónanna Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og Guðlaugar Jónsdóttur á Bræðraborgarstíg 26 í Reykjavík og ber hann nafn þeirra og heitir: Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og konu hans Guðlaugar Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn skal standa undir stjórn og umráðum stjórnar Landsspítalasjóðs Íslands. Nú leggst niður starf það, sem stjórn Landsspítalasjóðs Íslands hefir með höndum, og leysist stjórn hans þess vegna upp, og skulu þá stjórn og umráð þessa sjóðs hverfa til stjórnar Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og sjá um að þær séu ávaxtaðar sem tryggilegast. Að svo miklu leyti sem eignir sjóðsins ekki eru í fasteignum, skulu þær ávaxtaðar í Söfnunarsjóði Íslands eða í veðdeildarbréfum Landsbankans, ríkisskuldabréfum, viðtökuskírteinum eða öðrum álíka tryggum og arðbærum verðbréfum.

4. gr.

Við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal jafnan leggja $\frac{1}{10}$ — einn tíunda — hluta af árlegum arði af eignum sjóðsins. Hinum $\frac{1}{10}$ — níu tíundu — hlutum ársarðsins skal varið til hjálpar efnalitlum sjúklingum, sem sjúkkravist eiga á Landspítala Íslands, til greiðslu sjúkrakostnaðar. Ættingjar gefendanna og fátækt verzlunarfólk í Reykjavík skal hafa forgangsrétt til styrks þessa. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst afgangur þess við höfuðstól um næstu áramót.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar styrkveitingar úr honum. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal rita á eyðublöð, er sjóðstjórnin gefur úr, og skal henni fylgja dvalarvottorð sjúklingsins á spítalanum, frá yfirlækni þeirrar deildar, sem umsækjandi liggur á.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. marz 1939.

F. h. Landsspítalasjóðs Íslands.

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður sjóðstjórnar.